


Bakkað við sláttinn

Bætt afköst og vinnuumhverfi við slátt með því að bakka

Íslenskir bændur eru sífellt að leita leiða til að auka afköst og þægindi við slátt og er sala á stórum sláttuvélum alltaf að aukast, og svokölluð fiðrildi einnig að verða algengari og algengari hjá stærri bændum og verkötum. Það er margt sem spilar inn í eins og hraði, vinnslubreidd, lögun stykkja og ökumaður.

Afhverju bakka?

Það er sameiginlegt með öllum vélum að aflúttak er mun sterkara að aftan og afturlyftur mun öflugri. Þreskivélar eru dæmi um tæki sem hafa beygjur að aftan til að minnka vinnutap í beygjum. Beygjur að aftan gefa mun minni beygjuradíus á sláttuvélinni og afturdekkinn elta sláttugárann.



Samanburðarrannsókn

Árið 2012 gerði Finnska rannsóknarsofan TTS rannsókn á vinnuhagræði við slátt afturábak og var notað til verksins Valtra með Twintrac bakkkeyrslubúnaði og Elho sláttuvélum. Helstu niðurstöður voru að 13% munur var á hversu fljótlega var að slá afturábak en hluti af því var að vinnslubreidd slátturvéla nýttist betur og beygjur tóku mun styttri tíma. Það sem var samt mest sláandi við niðurstöðurnar var álag á ökumanninn, við það að hafa yfirsýn yfir allt slátturborðið minnkaði sá tími sem ökumaður snéri upp á bakið úr 20% í 0% í beinni keyrslu og úr 25% niður í 5% þegar verið var að beygja.

Framleiðendur

Flestir framleiðendur sláttuvélasetta bjóða upp á bakkkeyrsluset, og þó að Valtra séu mest að auglýsa og selja bakkkeyrslubúnað, bjóða, Claas, Fendt, New Holland, Steyr o.fl. einnig upp á þenna möguleika.



Heimildir:

<https://www.youtube.com/watch?v=HYCDMh2HMLc>
<https://www.youtube.com/watch?v=X1ajpt8QXiA>
<http://twintrac.valtra.com/content/files/mati639-uk.pdf>

Höfundur:

Sigtryggur Veigar Herbertsson

Ráðunautur í bótækni og aðbúnaði
Rekstrar og nýsköpunarsvið
Sími 5165065
GSM 8580856
Netfang sigtryggur@rml.is